

vísindastöð, þar sem aðalatriðið væri rannsókn lífsins á stjörnunum. — Ísland sem brautryðjandi í stjörnulíffræði mundi verða í sannleika Farsælda Frón og fóstura þess fólks, sem mjög víðfrægt mundi verða og mikils metið, svo mikils, að þetta land yrði öllum öðrum fremur kallað landið helga. Það er nú þegar ýmislegt, sem á mjög eftirtektarverðan hátt sýnir hvað orðið gæti. T. d. er landið að verða svo miklum mun blíðara og byggilegra, að engu er líkara en að það væri að færast sunnar á hnettinum. Og skal enginn ímynda sér, að þessi loftlagsbreyting sé án alls sambands við það hlutverk, sem íslensku þjóðinni er ætlað að vinna í þágu alls mannkyns. Það er býsna fróðlegt í þessu sambandi að hugsa til þeirrar miklu breytingar, sem varð á hinn veginn, um og eftir 1300, þegar íslenskur andi hafði beðið hinn versta ósigur, svo að á 14. öldinni gætir þess lítið í andlegu starfi þjóðarinnar, sem íslenskt hugarfar einkum hefir haft til síns ágætis. Á þessari sömu öld stórspilltist landið, akuryrkja leggst niður, og Þjórsárdalurinn, sem sennilega hefir verið fegursta sveitin á Íslandi, leggst í eyði. Og skrítið er það, að dalurinn fagri, sem varð að sandauðn einni, skyldi vera sveit Hjalta Skeggjasonar, — mannsins, sem fyrir andnorræn áhrif hafði smánað Freyju, gyðju frjóseminnar.

10. okt. 1939.

22. Íslenskt sjálfsmat

Eigi allsjaldan má heyra og sjá því haldið fram, að þjóðernislegur ofmetnaður sé íslenskt þjóðareinkenni, og hefi ég engan vitað gera þetta af meiri mælsku en Sigurð Einarsson dócent, í grein í nóvemberhefti „Samtíðarinnar“, sem heitir: „Hvað verður um þjóðerni Íslendinga eftir 50 ár?“ Þar segir svo: „Af engu höfum vér Íslendingar miklast svo mjög sem af þjóðerni voru og þjóðlegri menningu. Vanmáttarkennd sú, er leiddi af vitund einangrunar og mikillar smæðar, skóp sér mótvægi sitt í stórlátum hugmyndum um persónulegt ágæti Íslendingsins umfram aðra menn,“ o. s. frv.

Mér hefir virst þetta vera mjög á hinn veginn. Það hefir

verið talið hér nálega sjálfsagt, að allt útlent væri fremra en það sem íslenskt er. Og að vísu er þetta vel skiljanlegt. Afturförin hafði verið hér svo mikil. Hvergi voru ástæður eins erfiðar. Íslendingum stórfækkaði á sama tíma sem aðrar Norðurlandþjóðir stórjukust að mannfjölda. Æðstu embættismennirnir, hirðstjórar, höfuðsmenn, stiftamtmenn og eigi allsjaldan biskupar, voru útlendingar; sömuleiðis kaupmennirnir. Að verða mikill maður, var fyrir Íslending erfiðara en annarra þjóða menn og langerfiðast áttu þeir, sem í andlegum efnum hefðu getað orðið mikilmenni. Og jafnvel þó að það tækist, áttaði þjóðin sig ekki á því. Menn kunnu ekki einusinni að meta hvílík andleg stórvirki er um að ræða, þar sem eru hinar fornu bókmenntir vorar, og gleymdu nöfnum flestra höfundanna. Það þurfti útlenda menn til að fá Íslendinga til að gera sér ljóst, að Snorri Sturluson hefði verið nokkuð tiltakanlega merkilegur maður, og sama má að miklu leyti segja um Jón Sigurðsson.

Sá skilningur, að íslensku þjóðinni er merkilegt hlutverk ætlað, hefir ekki verið til fyrr en nú, og þykir mér ekki ólíklegt, að sumir muni vilja halda því fram, að þar sé ekki um annað að ræða en „mótvægi vanmáttarkenndar“. En þó býst ég við, að það verði nokkuð erfitt að sýna framá, að það sé af íslenskri minnimáttarkennd, sem þessari skoðun um sérstaka þýðingu íslensku þjóðarinnar fyrir allt mannkyn, er nú haldið fram á Bretlandi og í Ameríku. Og þyrfti þjóðin að gefa þessu mun meiri gaum en orðið er ennþá. Því að á því er einmitt hin mesta þörf, að aukið sé sjálfstraust ísl. þjóðarinnar, en þó vitanlega þannig, að fullri greind sé beitt. Og þakklátir megum vér vera þeim ágætu útlendingum, sem veitt hafa þjóðinni svo aðdánlegan stuðning í þessu efni, eins og Rasmus Rask, Ellsworth Huntington, William Morris, og síðast en ekki síst Adam Rutherford.

19. nóv. 1941.

23. *Áriðandi viðleitni*

Ekkja eftir frægan leikara enskan hefir í bók, er hún nefnir Albert Chevalier comes back, lýst því, hvernig hún